

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2531
komudagur 16.5.2012

Félag löglærðra aðstoðarmanna dómara
Dómhúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík,

Reykjavík, 16. maí 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998, með síðari breytingum (aðstoðarmenn dómara).
Þskj. 1112 – 683. mál. 140. löggjþ. 2011-2012.

Við er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis 9. maí sl., þar sem óskað var eftir umsögn Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara um frumvarp til laga um dómstóla (aðstoðarmenn dómara), 683. mál.

Félagið fagnar því, að frumvarpið hafi verið lagt fram á Alþingi og telur stjórn félagsins ekki ástæðu til að gera við það sérstakar athugasemdir. Stjórn félagsins vill þó minnst á þau atriði, sem rædd voru á félagsfundi 20. febrúar sl., sem haldinn var í tilefni þess, að innanríkisráðuneytið óskaði eftir athugasemdum við drög að fyrirhuguðu lagafrumvarpi sama efnis.

Í fyrsta lagi var rætt um það, hvort ástæða þætti til að takmarka ráðningartíma aðstoðarmanna og binda hann í lög. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að aðstoðarmaður dómara sé ráðinn til fimm ára og að heimilt sé að endurnýja þá ráðningu einu sinni. Félagið telur það mjög til bóta, að svigrúm dómstóla til ráðningar aðstoðarmanna sé aukið frá því sem fram kemur í núgildandi 17. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla. Hugmyndir voru þó ræddar á fundinum, hvort ástæða þætti til að setja þak á ráðningartíma aðstoðarmanna í lög. Var m.a. rætt um, hvort ekki væri rétt, með tilliti til jafnræðis við aðra starfsmenn ríkisins, hvort aðstoðarmenn mætti ráða í fimm ár í senn. Þannig yrðu dómstólar ekki bundnir af lögnum og yrði kleift að halda reynslumiklum og hæfum aðstoðarmönnum í starfi, svo lengi sem þeir hefðu áhuga á að starfa fyrir dómstólana.

Þá voru ræddar hugmyndir um starfsheitið, einkum í ljósi þess, að nú er lagt til að starfsheimildir þeirra verði færðar til sama horfs og áður gildi um dómarafulltrúa. Var heitunum „dómarafulltrúi“ og „aðstoðardómari“ varpað fram á fundinum, enda eru þau til samræmis við heiti fulltrúa hjá öðrum stofnunum og embættum ríkisins, s.s. lögreglustjórum og sýslumönnum, svo og hjá lögmönnum, þar sem notast er við starfsheitið „fulltrúi“, annars vegar, og hjá ákærvaldinu, þar sem notast er við starfsheitið „aðstoðarsaksóknari“. Þá var jafnframt bent á, að sambærilegt starfsheiti á Norðurlöndunum er líkt starfsheiti dómarafulltrúa, s.s. í Danmörku: „dommerfuldmægtig“, og Noregi: „dommerfullmæktig“.

Fyrir hönd félagsins,

Hrannar Már S. Hafberg
Lilja Rún Sigurðardóttir
Sólveig Ingadóttir
Ásbjörn Jónasson

Ályktun Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara 18. nóvember 2011

Félag löglærðra aðstoðarmanna dómara vekur athygli á dómi Hæstaréttar Íslands 9. nóvember sl., í máli nr. 577/2011.

Í málinu reyndi á það hvort aðstoðarmanni dómara hafi verið heimilt að synja sóknaraðila um framlagningu greinargerðar þegar mál hans var tekið fyrir í héraðsdómi. Sóknaraðili byggði á því að þetta hefði aðstoðarmanninum verið óheimilt, þar sem um hafi verið að ræða ákvörðun í skilningi 1. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Um þetta segir í forsendum dóms Hæstaréttar:

„Samkvæmt 17. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla má ráða til héraðsdómstóla lögfræðinga sem ætlað er að vera héraðsdómurum til aðstoðar. Eins og tekið er fram í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga er þessum löglærðu aðstoðarmönnum ekki heimilt að gegna dómstörfum þótt þeir megi veita dómurum margvíslega aðstoð við meðferð og úrlausn dómsmála. Þar sem líta verður svo á að sú ákvörðun að synja málsaðila um að leggja fram gögn í slíkum málum sé dómsathöfn, sbr. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991, brast aðstoðarmann héraðsdómara vald til þess að synja sóknaraðila um að leggja fram greinargerð af sinni hálfu í þinghaldinu 29. september 2011. Af þessari ástæðu verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim til meðferðar á ný.“

Tíðkast hefur hjá dómstólunum, þó ekki öllum, að aðstoðarmönnum héraðsdómara sé falin framkvæmd þinghalds í nafni og á ábyrgð dómara. Á þetta einkum við svokölluð regluleg dómþing, sem haldin eru á tilteknum dögum við hvern héraðsdómstól og þar sem almenn einkamál eru tekin fyrir, en einnig hafa dómara falið aðstoðarmönnum stjórn annarra þinghalda, t.d. í gjaldþrotamálum. Þetta hefur verið talið heimilt, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands 10. desember 2004, í máli nr. 476/2004. Þetta hefur verið til verulegs hagræðis, enda geta t.d. regluleg dómþing staðið lengi yfir vegna þess fjölda mála sem þar eru tekin fyrir. Má m.a. benda á að slík þing eru haldin hvern þriðjudag og fimmtudag í Héraðsdómi Reykjavíkur, byrja kl. 10 og standa oft og tíðum alllangt fram eftir degi og jafnvel fram á kvöld.

Dómur Hæstaréttar frá 9. nóvember sl. er þörf áminning um mikilvægi þess að heimildir aðstoðarmanna héraðsdómara séu skýrar og ekki sé vafa undirorpið hverjar þær eru. Í forsendum dómsins er vikið að því að ákvörðun aðstoðarmanns í málinu á gjaldþrotþingi falli undir að vera dómsathöfn í skilningi 1. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991, sem aðstoðarmenn dómara brestur vald til að fara með, en aðstoðarmönnum er ekki heimilt að gegna dómstörfum, sbr. athugasemdir í frumvarpi því sem varð að dómstólalögum nr. 15/1998 og fyrrnefndan dóm Hæstaréttar nr. 476/2004. Þótt aðstoðarmönnum dómara sé heimilt að stýra þinghaldi í nafni og á ábyrgð dómara þá þykir hið afdráttarlausa orðalag í forsendum nýfallins dóms Hæstaréttar geta valdið óvissu um þá framkvæmd, enda verður sá sem stýrir þinghaldi að taka þar ýmsar ákvarðanir sem ætla má að séu dómsathafnir í skilningi 1. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991 án tillits til þess hvort skera þarf úr ágreiningi eða ekki, sbr. fyrrnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 476/2004.

Vegna þessa er það mat félagsmanna að brýnt sé að tekin verði afstaða til þess hverjar heimildir aðstoðarmenn héraðsdómara eigi að hafa í þessum efnun. Er eðlilegast að slíkt sé gert með lögum. Má í þessu samhengi benda á að í lagafrumvörpum sem flutt hafa verið á

fyrri þingum Alþingis um breytingu á lögum nr. 15/1998 um dómstóla, hefur verið gert ráð fyrir breytingu á 17. gr. laganna, sbr. mál nr. 670 á 132. löggjafarþingi (2005-2006), mál nr. 496 á 133. löggjafarþingi (2006-2007), mál nr. 167 á 137. löggjafarþingi (2009) og mál nr. 100 á 138. löggjafarþingi (2009-2010). Allar þessar tillögur hafa gert ráð fyrir að valdheimildir aðstoðarmanna héraðsdómara verði lögfestar og/eða auknar. Nokkur hljómgrunnur virðist því vera fyrir slíkri breytingu. Hins vegar hefur breytingin ekki náð fram að ganga. Telja má að það sé vegna þess að slíkar breytingar hafa iðulega verið hnýttar saman við aðrar breytingar og stærri sem reyndust ásteytingarsteinar þegar á hólminn var komið.

Reykjavík, 18. nóvember 2011

Fyrir hönd félagsins